

TRÚFRÆDSLURIT KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR

Óopinber útgáfa © Reynir K. Guðmundsson þýddi, Bráðabirgðapýðing

ANNAR HLUTI: LEYNDARDÓMAR KRISTNINNAR HAFÐIR UM HÖND

Til hvers eru helgisiðirnir?

1066. (50, 236) Í trúarjátningunni játar kirkjan leyndardóm heilagrar þrenningar og fyrirhugun Guðs sem hann með sjálfum sér ákvað að framkvæma til handa allri sköpuninni: Faðirinn fullnar “leyndardóm vilja síns” með því að gefa sinn elskaða Son og sinn Heilaga Anda heiminum til hjálpræðis og til dýrðar nafni sínu. [1] Slíkur er leyndardómur Krists sem er opinberaður og uppfylltur í sögunni eftir þeirri fyrirætluðu og viturlegu reglu sem heilagur Páll kallar “ráðstöfun leyndardómsins” [2] og kirkjuféðrahefðin kallar “ráðdeild holdtekna Orðsins” eða “ráðdeild hjálpræðisins”.

1067. (571) “Hið undursamlega verk Guðs meðal lýðs Gamla testamentisins var í sjálfu sér aðdragandi að verki Krists Drottins að endurleysa mannkynið og gefa Guði fullkomna dýrð. Hann fullnaði þetta verk einkum með páskaleyndardómi blessaðrar píslargöngu sinnar, upprisu sinni frá dauðum og dýrlegri uppstigningu til himna - þegar hann “með dauða sínum braut dauðann niður og með upprisu sinni endurreisti líf vort”. Þannig var það úr síðu Krists, þar sem hann svaf svefni dauðans á krossinum, að fram kom “hið undursamlega sakramenti sem öll kirkjan er.” [3] Af þessari ástæðu hefur kirkjan fyrst og fremst páskaleyndardóminn um hönd í helgisiðunum en með honum fullnaði Kristur verkið okkur til hjálpræðis.

1068. Það er þessi leyndardómur Krists sem kirkjan kunngjörir og hefur um hönd í helgisiðum sínum til að hinir trúðu megi lifa eftir honum og bera honum vitni í heiminum: Það er í helgisiðunum - og þá sérstaklega í hinni guðdómlegu fórn evkaristíunnar - að “verk endurlausnar okkar er fullnað” og það er einkum fyrir helgisiðina að hinir trúðu geta tjáð í lífi sínu og sýnt öðrum leyndardóm Krists og raunverulegt eðli hinnar sönnu kirkju. [4]

Hvað merkir orðið helgisiðir? 1069. Upprunalega þýddi orðið “helgisiðir” (eða “litúrgía”) “opinbert starf” eða “þjónusta í nafni/í þágu fólksins”. Í kristinni hefð merkir það þátttöku lýðs Guðs í “verki Guðs”. [5] Það er fyrir helgisiðina að Kristur, endurlausnari okkar og æðsti prestur, heldur áfram verki endurlausnar okkar í, með og fyrir kirkju hans.

1070. (783) Í Nýja testamentinu vísar orðið “helgisiðir” ekki einungis til þess að haldin sé guðdómleg tilbeiðsla heldur vísar það einnig til kröftugs kærleika og þess að fagnaðarerindið sé kunngjört. [6] Allt snýst þetta um þjónustu við Guð og náungann. Þegar helgisiðirnir eru hafðir um hönd er kirkjan þjónn í mynd Drottins hennar, hins eina “leitourgos”. [7] Hún á hlutdeild í prestdómi Krists (tilbeiðslan) sem er hvorttveggja spámannlegur (það að kunngjöra) og konunglegur (að þjónusta í kærleikanum): Þannig er það rétt að helgisiðirnir skulu taldir iðkun á prestlegu embætti Jesú Krists. Í þeim felst birting á helgi mannsins í búningi skynjanlegra tákna og fullnustu þeirra eftir leiðum sem hæfir hverju þessara tákna um sig. Í þeim fer fram full opinber tilbeiðsla af hálfu leyndardómsfulls líkama Jesú Krists, það er að segja, af höfðinu og limum hans. Af þessu leiðir að sérhverjir helgisiðir sem hafðir eru um hönd eru helg athöfn sem tekur öllum öðrum athöfnum fram vegna þess að þeir eru athöfn Krists prestsins og líkama hans

sem er kirkjan. Engin önnur athöfn kirkjunnar stenst samanburð við þá, hvorki í mikilvægi né atorku. [8]

Helgisiðirnir sem uppspretta lífs

1071. (1692) Helgisiðirnir eru verk Krists og sem slíkir eru þeir einnig athöfn kirkju hans. Þeir gera kirkjuna nærverandi og birta hana sem sýnilegt tákni samfélagsins í Kristi milli Guðs og manna. Þeir skuldbinda hina trúuðu til nýs lífs í samfélaginu og fela í sér að allir eigi “meðvitaða, virka og ávaxtaríka þátttöku”. [9]

1072. “Hinir heilögu helgisiðir gera ekki öllum athöfnum kirkjunnar tæmandi skil”: [10] Á undan verður að fara boðun fagnaðarerindisins, trú og afturhvarf. Fyrst þá geta þeir borið ávöxt í lífi þeirra sem trúa: nýtt líf í Andanum, þátttaka í erindi kirkjunnar og þjónusta við einingu hennar. Bæn og helgisiðir

1073. (2558) Helgisiðirnir eru einnig þátttaka í sjálfri bæn Krists sem hann beinir til Föðurins í hinum Heilaga Anda. Allar kristnar bænir sækja uppruna sinn og markmið til helgisiðanna. Fyrir tilverknað helgisiðanna er maðurinn rótfestur og grundvallaður í “mikilli elsku [Föðurins] sem hann gaf oss” í elskuðum Syni sínum. [11] Þetta er hið sama “dásendarverk Guðs” sem er lifað og haft hið innra með sér í öllum bænum “á hverri tíð í Andanum”. [12]

Trúfræðsla og helgisiðir

1074. “Helgisiðirnir eru hámarkið sem allar athafnir kirkjunnar beinast að samtímis því að þeir eru brunnurinn þaðan sem allir kraftar hennar flæða.” [13] Í þeim er þannig að finna bestu leiðina til að uppfræða lýð Guðs í trúnni. “Trúfræðslan er á eðlisbundinn hátt tengd öllum athöfnum helgisiðanna og sakramentanna því að það er í sakramentunum, einkum í evkaristíunni, að Kristur Jesús verkar í fullum mæli að umbreyta mönnunum.” [14]

1075. (426, 774) Helgisiðaleg trúfræðsla beinist að því að innvígja fólk í leyndardóm Krists (hún er “mystagógísk”) með því að farið er frá hinu sýnilega til hins ósýnilega, frá tákni til veruleika táknsins, frá “sakramentunum” til “leyndardómanna”. Slíkri trúfræðslu eiga staðbundin og svæðisbundin trúfræðslur að koma á framfæri. Þetta Trúfræðslurit, sem hefur að markmiði að þjóna allri kirkjunni í margbreytileika helgiathafna hennar og ýmissa menninga, [15] birtir það sem er grundvallaratriði og sameiginlegt allri kirkjunni að því er varðar helgisiðina sem leyndardóm og hátíðarhald (1. þáttur) og síðan sakramentin sjö og árnaðartákn (sakramentalía) (2. þáttur).

1. Ef 1:9.
2. Sbr. Ef 3:9; sbr. Ef 3:4.
3. SC 5 §2; sbr. hl. Ágústínus, En. in Ps. 138, 2: PL 37, 1784-1785.
4. SC 2.
5. Sbr. Jh 17:4.
6. Sbr. Lk 1:23; P 13:2; Rm 15:16, 27; 2Kor 9:12; Fl 2:14-17, 25, 30.
7. Sbr. Heb 8:2, 6.
8. SC 7 § 2-3.
9. SC 11.
10. SC 9.
11. Ef 2:4; 3:16-17.
12. Ef 6:18.

13. SC 10.

14. Jóhannes Páll II, CT 23.

15. Sbr. SC 3-4.

ANNAR HLUTI: LEYNDARDÓMAR KRISTNINNAR HAFÐIR UM HÖND

FYRSTI ÞÁTTUR - SAKRAMENTISLEG RÁÐDEILD

1076. (739) Á hvítasunnudag var kirkjan gerð heiminum sýnileg með úthellingu Heilags Anda. [1] Gjöf heilags Anda innleiðir nýtt skeið í “ráðstöfun leyndardómsins” - öld kirkjunnar þegar Kristur birtir, gerir nærverandi og miðlar hjálpræðisverki sínu í gegnum helgisiði kirkju sinnar “þangað til hann kemur”. [2] Á þessari öld kirkjunnar lifir Kristur á þessum degi og verkar í og með kirkju sinni á nýjan hátt eins og hæfir þessum nýju tímum. Hann verkar í gegnum sakramentin í því sem sameiginleg erfikenning Austur- og Vesturkirkjunnar kallar “sakramentisleg ráðdeild”; hér er um að ræða miðlun eða “ráðstöfun” (“dispensatio”) á ávöxtum páskaleyndardóms Krists þegar “sakramentislegir” helgisiðir kirkjunnar eru hafðir um hönd. Það er því mikilvægt að útskýra fyrst þessa “sakramentislegu ráðstöfun” (1. kafli). Eðli og grundvallareinkenni þess að hafa helgisiðina um hönd birtast síðan með skýrari hætti (2. kafli).

« FYRSTI KAFLI: PÁSKALEYNDARDÓMURINN Á ÖLD KIRKJUNNAR

1. GREIN: HELGISIÐIRNIR - VERK HINNAR HEILÖGU ÞRENNINGAR

I. Faðirinn, uppspretta og markmið helgisiðanna

1077. (492) “Lofaður sé Guð og Faðir Drottins vors Jesú Krists, sem í Kristi hefur blessað oss með hvers konar andlegri blessun í himinhæðum. Áður en heimurinn var grundvallaður hefur hann útvalið oss í Kristi, til þess að vér værum heilagir og lýtalausir fyrir honum. Í kærleika sínum ákvað hann fyrirfram að veita oss sonarrétt í Jesú Kristi. Sá var vilji hans og velþóknun til vegsemdar dýrð hans og náð, sem hann lét oss í té í sínum elskaða Syni.” [3]

1078. (2626) Að blessa er guðdómleg athöfn sem gefur líf og Faðirinn er upphafið að. Blessun hans er bæði orð og gjöf. [4] Þegar maðurinn á í hlut merkir orðið “blessun” tilbeiðsla og að hann gefi sig skapara sínum á hönd í þakkargjörð.

1079. Frá upphafi til enda tímana er allt verk Guðs blessun. Frá helgisiðaljóði fyrstu sköpunarinnar til hymna hinnar himnesku Jerúsalem kunngjöra hinir innblásnu höfundar að fyrirætlunin um hjálpræðið sé ein gríðarmikil guðdómleg blessun.

1080. Alveg frá upphafi blessaði Guð allar lifandi verur og einkum karl- og kvenmanninn. Sáttmálinn við Nóa og við allt það sem lifir endurnýjaði þessa blessun frjóseminnar þrátt fyrir synd mannsins sem leitt hafði bölvun yfir jörðina. En með Abraham kom hin guðdómlega blessun inn í mannkynssöguna sem hreyfðist til móts við dauðann svo hún gæti snúist til lífs, snúið aftur til uppruna síns. Með trú “föður allra hinna trúuðu”, sem umfaðmaði blessunina, upphófst hjálpræðissagan.

1081. Hin guðdómlega blessun var gerð sýnileg með undraverðum og frelsandi atburðum:

Fæðingu Ísaks, flóttanum frá Egyptalandi (páskarnir og útleiðingin), gjöfinni á fyrirheitna landinu, kjöri Davíðs, nærveru Guðs í musterinu og hinni hreinsandi herleiðingu og heimkomu hinnar “litlu leifar”. Lögmálið, spámennirnir og Sálmannir, samofin í helgisiðum hins útvalda lýðs, minna á þessar guðdómlegu blessanir og svara þeim á sama tíma með blessun, lof- og þakkargjörð. 1082. Í helgisiðum kirkjunnar er hin guðdómlega blessun að fullu opinberuð og henni miðlað. Faðirinn er viðurkenndur og tilbeðinn sem uppspretta og endir allra blessana sköpunarinnar og hjálpræðisins. Það er í hinu holdtekna Orði hans sem dó og reis upp fyrir okkur að hann fyllir okkur með blessunum sínum og fyrir Orð sitt úthellir hann í hjarta okkar gjöfinni sem geymir allar gjafir: Heilagan Anda.

1083. (2627, 1360) Þannig fáum við skilið báðar hliðar kristinna helgisiða sem svar trúar og kærleika við hinum andlegu blessunum sem Faðirinn veitir okkur. Annars vegar blessar kirkjan, í einingu við Drottin sinn og “í Heilögum Anda”, [5] Föðurinn “fyrir sína óumræðanlegu gjöf” [6] í tilbeiðslu sinni, lof- og þakkargjörð. Á hinn bóginn, og þar til fyrirætlun Guðs er fullkomnuð, hættir kirkjan aldrei að bera fram fyrir Föðurinn fórnfæringu hans eigin gjafa og að sárþæna hann að senda Heilagan Anda yfir þá fórnfæringu, yfir sig sjálfa, yfir hina trúuðu og yfir allan heiminn til að fyrir samfélagið í dauða og upprisu Krists prestsins og með krafti Andans gefi þessar guðdómlegu blessanir af sér ávexti lífsins “til vegsemdar dýrð hans og náð”. [7]

II. VERK KRISTS Í HELGISIÐUNUM

Kristur dýrlegur gerður...

1084. (662, 1127) Kristur, sem “situr til hægri handar Föðurnum” og úthellir Heilögum Anda yfir líkama sinn, sem er kirkjan, verkar núna í gegnum sakramentin sem hann stofnsetti í því skyni að miðla náð sinni. Sakramentin eru skynjanleg tákn (orð og athafnir) sem eru aðgengileg mannlegri náttúru okkar. Athafnir Krists og kraftur Heilags Anda valda því að þau gera náðina, sem þau standa fyrir, nærverandi með gagnlegum hætti.

1085. (519, 1165) Í helgisiðum kirkjunnar er það fyrst og fremst hans eigin páskaleyndardómur sem Kristur gerir tákn um og gerir nærverandi. Í jarðnesku lífi sínu boðaði Jesús páskaleyndardóm sinn með kenndu sinni og sá hann fyrir með athöfnum sínum. Þegar stund hans rann upp fór hann í gegnum þann einstaka atburð sögunnar sem ekki líður undir lok: Jesús deyr, hann er grafinn, hann rís upp frá dauðum og hann situr til hægri handar Föðurnum “í eitt skipti fyrir öll”. [8] Páskaleyndardómur hans er raunverulegur atburður sem gerðist í sögu okkar og hann er einstakur því að allir aðrir sögulegir atburðir gerast einu sinni en hverfa síðan í fortíðina. Páskaleyndardómur Krists getur aftur á móti ekki varað einungis í fortíðinni vegna þess að með dauða sínum eyddi hann dauðanum, og allt það sem Kristur er - allt sem hann gerði og leið fyrir alla menn - á sér hlutdeild í hinni guðdómlegu eilífð, er þannig hafið yfir alla tíma og er gert nærverandi í þeim öllum. Það sem gerðist á krossinum og í upprisunni er ævarandi og dregur allt til lífsins.

...er frá tímum kirkju postulanna...

1086. (858) “Líkt og Kristur var sendur af Föðurnum, þannig sendi hann einnig postulana fyllta af Heilögum Anda. Þetta gerði hann til að þeir gætu prédikað guðspjallið sérhverri sköpun og kunngjört að Sonur Guðs hafi með dauða sínum og upprisu leyst okkur undan valdi Satans og undan dauðanum og fært okkur inn í konungsríki Föður hans. En hann vildi einnig að

hjálpæðisverkið sem þeir prédikuðu yrði gert virkt fyrir tilverknaðfórnari nnar og sakramentanna sem allt helgisiðalífið snýst um.” [9]

1087. (861, 1536) Með því að gefa postulunum Heilagan Anda fól hinn upprisni Kristur þeim kraft sinn að helga:10 þeir urðu sakramentisleg tákn um Krist. Með krafti sama Heilags Anda fólu þeir kraft þennan eftirmönnum sínum. Þessi “postullega vígsluröð” smíðar allt helgisiðalíf kirkjunnar en sjálf er vígsluröðin sakramentisleg og látin ganga að erfðum með sakramentinu helgar vígslur.

...nærverandi í hinum jarðnesku helgisiðum...

1088. (776, 669, 1373) “Til að fullna þetta mikla verk”- að ráðstafa eða miðla hjálpæðisverki hans - “er Kristur ávallt nærverandi í kirkju sinni, sérstaklega þegar helgisiðir hennar eru hafðir um hönd. Hann er nærverandi í messufórninni ekki aðeins í persónu helgipjóna sinna (“hann sem nú fórnfærir fyrir þjónustu prestanna er hinn sami sem fyrrum fórnfærði sjálfan sig á krossinum”) heldur sérstaklega í myndum evkaristíunnar. Með krafti sínum er hann nærverandi í sakramentunum þannig að þegar einhver skírir er það í raun og veru Kristur sjálfur sem skírir. Hann er nærverandi í orði sínu þar sem það er hann sjálfur sem talar þegar Heilög Ritning er lesin í kirkjunni. Að lokum er hann nærverandi þegar kirkjan biður og syngur því hann gaf fyrirheit um “að hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal þeirra.”” [11]

1089. (796) “Kristur á ávallt félag við kirkjuna í þessu mikla verki þegar Guð er fullkomlega vegsamaður og mennirnir helgaðir. Kirkjan er elskandi brúður hans sem ákallar Drottin sinn og ber fram í gegnum hann tilbeiðslu sína til hins eilífa Föður.” [12]

...sem eiga hlut í hinum himnesku helgisiðum...

1090. (1137-1139) “Í hinum jarðnesku helgisiðum fáum við forsmekkin af því sem í vændum er í hinum himnesku helgisiðum sem hafðir eru um hönd í hinni helgu borg Jerúsalem og við erum á vegferð til sem pílgrímar, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs sem þjónn helgidómsins og hins sanna sáttmálsstjalds. Með öllum hinum himneska herskara syngjum við Drottni dýrðarsálma; við heiðrum minningu dýrtinganna og vonum að eignast einhvern hlut í vináttu þeirra; af ákefð biðum við frelsarans, Drottins okkar Jesú Krists, þar til hann, sem er líf okkar, mun birtast og við munum birtast með honum í dýrð.” [13]

III. HEILAGUR ANDI OG KIRKJAN Í HELGISIÐUNUM

1091. (798) Í helgisiðunum er Heilagur Andi uppfræðari lýð Guðs í trúnni og hagleikssmiður “meistaraverka Guðs”, sakramenta nýja sáttmálans. Andinn þráir og starfar að því í hjarta kirkjunnar að við fáum lífað lífi hins upprisna Krists. Þegar Andinn finnur í okkur viðbragð trúarinnar sem hann hefur vakið upp í okkur, kemur hann því til leiðar að einlægt samstarf kemst á. Eftir þeim leiðum verða helgisiðirnir sameiginlegt verk Heilags Anda og kirkjunnar.

1092. (737) Í þessari sakramentislegu ráðstöfun á leyndardómi Krists verkar Heilagur Andi á sama hátt og hann gerir á öðrum tímum í ráðdeild hjálpæðisins: Hann býr kirkjuna undir að mæta Drottni sínum; hann minnir á Krist og lætur trú samkundunnar þekkja hann. Með sínum umskapandi krafti gerir hann leyndardóm Krists hér og nú lifandi og nærverandi. Að lokum kemur Andi samfélagsins kirkjunni til einingar við líf og erindi Krists.

Heilagur Andi undirbýr meðtöku á Kristi

1093. (762, 121, 2585, 1081) Í hinni sakramentislegu ráðdeild uppfyllir Heilagur Andi það sem gert var fyrirboð um í gamla sáttmálanum. Þar sem kirkja Krists “var undirbúin á hinn undursamlegasta hátt í gegnum sögu Ísraels og fyrir tilverknað gamla sáttmálans”, [14] hafa varðveist í helgisiðum hennar, sem þeim óbætanlegir og óaðskiljanlegir, sumir þættir í tilbeiðslu gamla sáttmálans sem hún hefur gert að sínum eigin: - fyrst ber að nefna lestur Gamla testamentisins; - bænir Sálmannar; - ekki síst að hugfesta og minnst hinna frelsandi atburða og táknrænu staðreynda sem uppfyllt hafa í leyndardómi Krists (fyrirheitið og sáttmálinn, útleiðingin og páskarnir, konungdæmið og musterið, herleiðingin og heimkoman).

1094. (128-130) Það er á þessari samræmingu hinna tveggja testamenta að trúfræðsla páska Drottins byggir [15] og síðan á kennslu postulanna og kirkjuféðranna. Þessi trúfræðsla afhjúpar það sem liggur hulið undir bókstaf Gamla testamentisins: leyndardóm Krists. Hún nefnist “fyrirboðagreining” vegna þess að hún afhjúpar nýstárleika Krists á grunni “líkinga” (typoi) sem boða hann í orðum, gerðum og táknum fyrri sáttmálans. Frá og með Kristi afhjúpast líkingarnar með slíkri endurlesningu í Anda sannleikans. [16] Þannig var syndaflóðið og örkin hans Nóa fyrirboði um hjálpræðið fyrir skírnina [17] á sama hátt og skýstólpinn og gangan í gegnum Rauðahafið. Vatnið sem spratt af klettinum var líking um andlegar gjafir Krists; og manna í eyðimörkinni var fyrirboði um evkaristíuna “hið sanna brauð af himni”. [18]

1095. (281, 117) Þess vegna les kirkjan aftur og upplifir á ný hina miklu atburði hjálpræðissögunnar í helgisiðum “þessa dags” og þá einkum á aðventu og föstunni og umfram allt á páskavökunni. En þetta krefst þess einnig að trúfræðslan aðstoði hina trúuðu að opna sig fyrir þessum andlega skilningi á ráðdeild hjálpræðisins eins og helgisiðir kirkjunnar opinbera hann og gera okkur kleift að upplifa hann.

1096. (1174, 1352, 840) Gyðinglegir og kristnir helgisiðir. Betri þekking á trú og trúarlífi Gyðinga eins og það er játað og lifað jafnvel í dag getur hjálpað okkur að skilja betur vissa þætti kristinna helgisiða. Bæði hjá Gyðingum og kristnum mönnum er Heilög Ritning undirstöðuatriði í helgisiðum þeirra: prédikunin á Orði Guðs, svarið við Orðinu, lofgjörðar- og árnaðarbænir fyrir lifandi og dánnum, og ákall um miskunn Guðs. Orðspjónustan sækir sína sérstöku uppbyggingu til bænar Gyðinga. Tíðabænin og aðrir helgisiðatextar og fast orðalag eiga sér hliðstæður í bæn Gyðinga og einnig okkar lotningaverðustu bænir, þar með talin hin Drottinlega bæn. Efstubænin fá innblástur sinn úr hefð Gyðinga. Tengslin milli helgisiða Gyðinga og helgisiða kristinna manna, en einnig munur þeirra innbyrðis, eru einkum sýnileg á hinum miklu hátíðum kirkjuársins eins og á páskum. Gyðingar og kristnir menn halda báðir páska hátíðlega. Hjá Gyðingum er um að ræða páska sögunnar sem stefna til framtíðar; hjá kristnum mönnum eru þeir páskar sem uppfylltust í dauða og upprisu Krists enda þótt það sé ávallt í eftirvæntingu um endanlega fullnustu þeirra.

1097. Í helgisiðum nýja sáttmálans mætast Kristur og kirkjan í hverri athöfn helgisiðanna, sérstaklega þegar evkaristían og önnur sakramenti eru höfð um hönd. Helgisiðasamkundan öðlast einingu sína af “samfélagi Heilags Anda” sem safnar saman börnum Guðs í einn líkama Krists. Þessi samkunda er hafin yfir kynþætti, menningu og samfélög - raunar allt það sem tengir mennina.

1098. (1430) Samkundan á að búa sig undir að mæta Drottni sínum og hún á að verða að “viljugu fólki”. Undirbúningur hjartans er sameiginlegt verk Heilags Anda og samkundunnar, sérstaklega þjóna hennar. Náð Heilags Anda leitar þess að vekja upp trú, koma á sinnaskiptum

hjáttans og að vilja Föðursins sé fylgt fast eftir. Slíkt innræti og vilji er skilyrði fyrir meðtöku annarra náðargjafa sem veitast við sjálft helgihaldið sem og fyrir ávöxtun nýs lífs sem helgihaldinu er ætlað að leiða af sér eftir á.

Heilagur Andi minnir á leyndardóm Krists

1099. (91) Andinn og kirkjan eiga samstarf um að birta Krist og hjálpræðisverk hans í helgisíðunum. Helgisíðirnir eru minningin um leyndardóm hjálpræðisins og kemur það einkum fram í evkaristífunni og með hliðstæðum hætti í hinum sakramentunum. Heilagur Andi er lifandi minni kirkjunnar. [19]

1100. (1134, 103, 131) Orð Guðs. Heilagur Andi minnir helgisíðasamkunduna fyrst á merkingu þeirra tíðinda sem hjálpræðið er með því að gefa Orði Guðs, sem kunngert er, líf til að það sé meðtekið og því lifað. Þegar helgisíðirnir eru hafðir um hönd er Heilög Ritning ákaflega mikilvæg. Frá henni kemur lærdómurinn sem lesinn er og útskýrður í hómilíum og sálmarnir sem sungnir eru. Það er frá Ritningunni sem bænir, kollektur og hymnar fá innblástur sinn og mátt og í hana sækja athafnir og táknið merkingu sína. [20]

1101. (117) Heilagur Andi gefur þeim andlegan skilning á Orði Guðs sem lesa eða heyra það, allt eftir því hversu hjartað er viljugt. Með orðum, athöfnum og táknum sem mynda umgjörð helgihaldsins setur Andinn hina trúuðu og helgipjónana í lifandi samband við Krist, Orð og mynd Föðursins, til að þeir geti lifað að fullu merkingu þess sem þeir heyra, íhuga og gera í helgihaldinu.

1102. (143) “Af hinu frelsandi orði Guðs nærast trúin í hjarta þeirra sem trúa. Það er því af þessari trú að söfnuður hinna trúuðu vex og dafnar.” [21] Að kunngjöra Orð Guðs takmarkast ekki við kennslu. Það laðar fram svar trúarinnar sem er samþykki og skuldbinding við sáttmálann milli Guðs og þjóðar hans. Enn og aftur er það Heilagur Andi sem veitir náð trúarinnar, styrkir hana og lætur hana vaxa í samfélaginu. Helgisíðasamkundan er fyrst og fremst samfélag í trú.

1103. (1362) Anamnesi. Þegar helgisíðirnir eru hafðir um hönd er ávallt vísað til hjálpræðislegrar íhlutunar Guðs í söguna. “Ráðdeild opinberunarinnar er komið til leiðar með orðum og gjörðum sem tengjast með eiginlegum hætti. Orðin kunngjöra verkin og leiða í ljós leyndardóminn sem þau geyma.” [22] Í orðspjónustunni “minnir” Heilagur Andi samkunduna á allt það sem Kristur hefur gert fyrir okkur. Í samræmi við eðli athafna helgisíðanna og arfleifðar helgihalds kirknanna er í guðspjónustunni höfð “minning” um hin undursamlegu verk Guðs í mynd upprifjunar (anamnesi) sem kann að hafa þróast að meira eða minna leyti. Hinn Heilagi Andi sem þannig vekur upp minni kirkjunnar hvetur síðan til þakkar- og lofgjörðar (doxologia).

Heilagur Andi gerir leyndardóm Krists nærverandi

1104. (1085) Kristnir helgisíðir minna ekki einungis á atburði sem frelsuðu okkur heldur gera þeir þá raunverulega og nærverandi. Páskaleyndardómur Krists er hafður um hönd en ekki endurtekinn. Það er helgihaldið sem er endurtekið en í hverju helgihaldi á sér stað úthelling Heilags Anda sem veldur því að hinn einstæði leyndardómur verður nærverandi.

1105. (1153) Epíklesis (“ákall” eða “kalla yfir”) er bænin þegar presturinn sárþæmir Föðurinn að senda Heilagan Anda, helgarann, til að fórnargjafirnar megi verða að líkama og blóði Krists og að hinir trúuðu verði sjálfir Guði lifandi fórnargjafir með því að meðtaka þau. [23]

1106. (1375) Epíklesis er ásamt anamnesi í hjarta hins sakramentislega helgihalds og þá einkum í evkaristífunni: Þú spyrð hvernig brauðið verði að líkama Krists og vínið... að blóði

Krists. Þetta skal ég segja þér: Heilagur Andi kemur yfir þau og fullnar það sem orð og hugsanir ná ekki yfir.... Láttu þér nægja að skilja að það er af Heilögum Anda alveg á sama hátt og það var af hinni heilögu jómrú og Heilögum Anda að Drottinn, í og fyrir sjálfan sig, íklæddist holdi.

[24]

1107. (2816) Hinn umskapandi kraftur Heilags Anda í helgisiðunum hraðar komu konungsríkisins og fullnustu á leyndardómi hjálpræðisins. Á meðan við biðum í von fær hann okkur til að vænta með raunverulegum hætti fyllingar á samfélaginu við heilaga þrenningu. Sendur af Föðurnum, sem heyrir ákall (epíklesis) kirkjunnar, gefur Andinn þeim líf sem meðtaka hann og er hann jafnvel nú þegar "pantur" arfleifðar þeirra. [25]

Samfélag Heilags Anda

1108. (788, 1091, 775) Í hverri athöfn helgisiðanna er Heilagur Andi sendur til að færa okkur til samfélags við Krists og mynda þannig líkama hans. Heilagur Andi er líkur næringarsafa vínviðar Föðurins sem ber ávöxt á greinum sínum. [26] Hið allra nánasta samstarf Heilags Anda og kirkjunnar á sér stað í helgisiðunum. Andinn, sem er Andi samfélagsins, lifir og varir óaflátanlega í kirkjunni. Af þeim sökum er kirkjan hið mikla sakramenti guðdómlegs samfélags sem safnar saman dreifðum börnum Guðs. Samfélag við heilaga þrenningu og samfélag við náungann er með óaðskiljanlegum hætti ávöxtur Andans í helgisiðunum. [27]

1109. (1368) Epíklesis er einnig bæn um að samfélag samkundunnar við leyndardóm Krists fái að verka til fulls. "Náðin Drottins Jesú Krists, kærleiki Guðs og samfélag Heilags Anda" [28] verður ætíð að vara með okkur og bera ávöxt framar en við helgihald evkaristíunnar. Því biður kirkjan Föðurinn að senda Heilagan Anda til að gera líf hinna trúuðu að lifandi fórn Guði til handa með andlegri umbreytingu þeirra í mynd Krists, með umhyggju fyrir einingu kirkjunnar og með því að taka þátt í erindi hennar með vitnisburði og kærleikspjónustu.

Í STUTTU MÁLI

1110. Í helgisiðum kirkjunnar er Guð Faðirinn blessaður og tilbeðinn sem uppspretta allra blessana sköpunarinnar og hjálpræðisins, sem hann hefur blessað okkur með í Syni sínum með því að gefa okkur Anda barnaréttarins.

1111. Verk Krists í helgisiðunum er sakramentislegt vegna þess að leyndardómur hjálpræðis hans er gerður nærverandi með krafti Heilags Anda; vegna þess að líkami hans, sem er kirkjan, er sem sakramenti (tákn og verkfæri) þar sem Heilagur Andi ráðstafar leyndardómi hjálpræðisins; og vegna þess að í gegnum athafnir helgisiðanna fær kirkjan, sem er á vegferð sinni sem píligrímur, forsmekkin að hinum himnesku helgisiðum.

1112. Erindi Heilags Anda í helgisiðum kirkjunnar er að undirbúa samkunduna að mæta Kristi; að minna á Krist og láta trú samkundunnar þekkja hann; að gera hjálpræðisverk Krists nærverandi og virkt með sínum umskapandi krafti; og láta þá gjöf að eiga samfélag bera ávöxt í kirkjunni.

« 2. GREIN - PÁSKALEYNDARDÓMURINN Í SAKRAMENTUM KIRKJUNNAR

1113. (1210) Allt helgisiðalíf kirkjunnar snýst um fórn evkaristíunnar og sakramentin. [29] Það eru sjö sakramenti í kirkjunni: Skírn, ferming, evkaristía, skriftir, smurning sjúkra, helgar vígslur og hjónaband. [30] Í þessari grein verður fjallað um hvað sakramentin sjö eiga sameiginlegt út

frá kennisetningunni. Það sem er þeim sameiginlegt hvað helgihaldinu viðvíkur er umfjöllunarefni 2. kafla og hvað einkennir hvert þeirra um sig er efni annars þáttar.

I. SAKRAMENTI KRISTS

1114. “Með því að fylgja fast eftir kennslu Heilagrar Ritningar, arfleifð postulanna og samhljóða álit... kirkjuféðranna” játum vér að “sakramenti nýja lögmálsins voru... öll stofnsett af Jesú Kristi, Drottni vorum”. [31]

1115. (512-560) Orð og athafnir Jesú í hinu leynda lífi hans og opinberu þjónustustarfi, höfðu þá þegar hjálpræðisleg áhrif því að þau fóru á undan krafti páskaleyndardóms hans. Þau og undirbjuggu og gerðu kunnugt það sem hann kom til að gefa kirkjunni þegar allt væri fullnað. Leyndardómar lífs Krists eru grundvöllur þess sem hann eftirleiðis, fyrir þjónustu kirkju hans, ráðstafar í sakramentunum, því að “það sem var sýnilegt í frelsara okkar hefur færst yfir í leyndardóma hans”. [32]

1116. (1504, 774) Sakramentin eru “kraftar sem fara út frá” líkama Krists [33] og vara eilíflega og gefa líf. Þau eru athafnir Heilags Anda að verki í líkama hans sem er kirkjan - þau eru “meistaraverk Guðs” í hinum nýja og ævarandi sáttmála.

II. SAKRAMENTI KIRKJUNNAR

1117. (120) Eins og kirkjan hefur gert með helgifestingu Heilagrar Ritningar og trúarlærdóminn hefur hún, með krafti Heilags Anda sem leiðir hana í “allan sannleikann”, smám saman fengið þekkingu á þessum fjársjóði sem hún hefur þegið frá Kristi. Sem trúur ráðsmaður yfir leyndardómum Guðs hefur hún ákvarðað “ráðstöfun” hans. [34] Þannig hefur kirkjan greint í gegnum aldirnar að í helgihaldi helgisiðanna eru sjö sakramenti samkvæmt eiginlegri merkingu þess orðs, sakramenti stofnsett af Drottni.

1118. (1396) Sakramentin eru kirkjunnar í þeim tvöfalda skilningi að þau eru “af henni” og “til handa henni”. Þau eru “af kirkjunni” vegna þess að hún er sakramenti athafna Krists sem verka í henni fyrir tilverknað erindis Heilags Anda. Þau eru “til handa kirkjunni” í þeim skilningi að “sakramentin skapa kirkjuna” [35] því að þau birta og miðla mönnunum, sérstaklega í evkaristíunni, leyndardómi samfélagsins við Guð sem er kærleikur, einn í þremur persónum.

1119. (792) Kirkjan, sem ásamt höfði sínu, Kristi, myndar “svo að segja eina leyndardómsfulla persónu”, verkar í sakramentunum sem “prestlegt samfélag” með “lífræna uppbyggingu”. [36] Fyrir skírnina og ferminguna er hinum prestlega lýð kleift að hafa um hönd helgisiðina. Þar að auki eru þeir meðal hinna trúuðu sem “hafa þegið helgar vígslur og eru settir til þess að næra kirkjuna með Orði og náð Guðs í nafni Krists”. [37]

1120. (1547) Hin vígða þjónusta eða þjónandi prestdómur er til þjónustu við prestdóm hinna skírðu. [38] Hinn vígði prestdómur er trygging fyrir því að það er í raun og veru Kristur sem verkar í sakramentunum fyrir Heilagan Anda til handa kirkjunni. Hið hjálpræðislega erindi sem Faðirinn fól holdteknum Syni sínum var afhent postulunum og í gegnum þá eftirmönnum þeirra: þeir meðtaka Anda Jesú til að verka í hans nafni og í persónu hans. [39] Hinn vígði þjónn er það sakramentislega band sem tengir athöfn helgisiðanna við það sem postularnir sögðu og gerðu, og í gegnum þá við orð og athafnir Krists, uppsprettu og grundvöll sakramentanna.

1121. (1272, 1304, 1582) Til viðbótar náðinni veita sakramentin þrjú, skírn, ferming og helgar

vígslur sakramentislegt einkenni eða “innsigli” sem gefur hinum kristna manni hlut í prestdómi Krists og gerir hann að meðlimi kirkjunnar í samræmi við mismunandi stöður og hlutverk. Þessi samlögun að Kristi og kirkjunni, sem Andinn kemur til leiðar, er óafmáanleg. [40] Hún er í hinum kristna manni um aldur og ævi sem jákvæður vilji gagnvart náðinni; hún er fyrirheit og trygging um guðlega vernd og köllun til tilbeiðslu á Guði og þjónustu í kirkjunni. Þessi sakramenti er því aldrei hægt að endurtaka.

III. SAKRAMENTI TRÚARINNAR

1122. (849, 1236) Kristur sendi út postula sína til að “prédika... í nafni hans öllum þjóðum iðrun til fyrirgefningar synda”. [41] “Farið því og gjörð allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni Föðursins, Sonarins og hins Heilaga Anda.” [42] Erindið að skíra, og þannig hið sakramentislega erindi, er fólgið í erindinu að boða fagnaðarerindið vegna þess að sakramentið er undirbúið af orði Guðs og af trúnni sem er samþykki á þessu orði: Lýður Guðs er gerður eitt fyrst og fremst af Orði hins lifanda Guðs.... Hin sakramentislega þjónusta krefst prédikunar Orðsins þar sem sakramentin eru sakramenti trúarinnar og sækja uppruna sinn og næringu frá Orðinu. [43]

1123. (1154) “Sakramentin hafa það að markmiði að helga mennina, byggja upp líkama Krists og loks að tilbiðja Guð. Þar sem þau eru tákn veita þau einnig uppfræðslu. Þau ganga ekki einungis að því sem gefnu að trúin sé fyrir hendi heldur næra, styrkja og tjá þau hana með orðum og hlutum. Þess vegna eru þau nefnd “sakramenti trúarinnar”.” [44]

1124. (166, 1327, 78) Trú kirkjunnar fer á undan trú hinna trúuðu sem fá boð um að helga sig henni. Þegar kirkjan hefur um hönd sakramentin játar hún trúna sem meðtekin er frá postulunum - þaðan er komið hið forna hugtaki: lex orandi, lex credendi (eða: legem credendi lex statuat supplicandi, samkvæmt Prosper frá Aquitaine [5. öld]). [45] Lögmál bænarinnar er lögmál trúarinnar: kirkjan trúir þegar hún biður. Helgisiðirnir eru undirstöðuatriði hinnar heilögu og lifandi erfikenningar. [46]

1125. (1205) Af þessum sökum mega hvorki söfnuðurinn né helgipjónninn breyta eða hagræða athöfnum sakramentanna að eigin vild. Jafnvel æðsta yfirvald kirkjunnar getur ekki breytt helgisiðunum eftir eigin geðþótta heldur aðeins í hlýðni við trúna og af trúarlegri virðingu við leyndardóm helgisiðanna.

1126. (815) Þar sem sakramentin láta ennfremur í ljós og þróa samfélag trúarinnar í kirkjunni er lex orandi eitt af frumskilyrðum þeirrar samræðu þar sem leitast er við að endurreisa einingu kristinna manna. [47]

IV. SAKRAMENTI HJÁLPRÆÐISINS

1127. (1084, 1105, 696) Séu sakramentin höfð um hönd með verðugum hætti í trú veita þau náðina sem þau standa fyrir. [48] Þau verka með gagnlegum hætti vegna þess að í þeim er Kristur sjálfur að verki: það er hann sem skírir, það er hann sem er að verki í sakramentum sínum til að miðla náðinni sem hvert sakramenti stendur fyrir. Faðirinn bænheyrir ávallt bænir kirkju Sonar síns sem lætur í ljós trú sína á kraft Andans í ákalli (epíklesis) hvers sakramentanna um sig. Líkt og eldurinn ummyndar allt í sig sem hann kemst í snertingu við þannig ummyndar Heilagur Andi allt það sem undir kraft hans kemur í guðdómlegt líf.

1128. (1584) Þetta er merkingin þess þegar kirkjan staðfestir [49] að sakramentin verki ex opere

operato (í bókstaflegri merkingu: út frá því verki sem innt er af hendi), það er að segja, fyrir mátt hjálpræðisverks Krists sem fullnað var í eitt skipti fyrir öll. Af þessu leiðir að “sakramentið gerist ekki vegna ráðvæðni þess sem hefur það um hönd eða þess sem meðtekur það heldur vegna krafts Guðs.” [50] Frá því andartaki að sakramenti er haft um hönd í samræmi við það sem er ásetningur kirkjunnar, verkar kraftur Krists og Anda hans í og í gegnum það, óháð persónulegum heilagleika helgipjónsins. Engu að síður eru ávextir sakramentanna einnig háðir vilja þess manns sem meðtekur þau.

1129. (1257, 2003, 460) Kirkjan leggur alla áherslu á að sakramenti hins nýja sáttmála séu hinum trúðu nauðsynleg til hjálpræðis. [51] “Sakramentisleg náð” er náð Heilags Anda sem Kristur gefur og er eiginleg hverju sakramenti um sig. Andinn græðir og umskapar þá sem meðtaka hann með því að laga þá til að líkjast Syni Guðs. Ávextir hins sakramentislega lífs er að Andi barnaréttarins gerir hina trúðu hluttakendur í guðlegu eðli [52] með því að koma þeim til lifandi einingar við Soninn eina, við frelsarann.

V. SAKRAMENTI EILÍFS LÍFS

1130. (2817, 950) Kirkjan hefur um hönd leyndardóm Drottins síns “þangað til hann kemur”, þegar Guð verður “allt í öllu.” [53] Síðan á tímum postulanna hafa helgisiðirnir dregist að markmiði sínu með andvarpi Andans í kirkjunni: Marana ta!⁵⁴ Helgisiðirnir eiga þannig hlut í þrá Jesú: “Hjartanlega hef ég þráð að neyta þessarar páskamáltíðar með yður...[áður] en hún fullkomnast í Guðs ríki.” [55] Í sakramentum Krists hefur kirkjan þegar móttekið tryggingu á arfi sínum og hún á jafnvel nú hlut í eilífu lífi “í eftirvæntingu vorrar sælu vonar, að hinn mikli Guð og frelsari vor Jesús Kristur opinberist í dýrð sinni.” [56] “Andinn og brúðurin segja: “Kom þú!...Kom þú, Drottinn Jesús!”” [57]

Heilagur Tómas dregur saman hinar mismunandi hliðar á sakramentislegu táknum: “Þess vegna er sakramenti tákn til minningar um það sem á undan því fer: píslargöngu Krists; það sýnir fram á hvað fullnast í okkur fyrir tilverknað píslargöngu Krists - náðina; og það boðar hvað píslargöngu gefur okkur fyrirheit um - komandi dýrð.” [58]

Í STUTTU MÁLI

1131. Sakramentin eru áhrifarík tákn um náðina, stofnsett af Kristi og falin kirkjunni en af þeim er hinu guðlega lífi ráðstafað til okkar. Hinar sýnilegu athafnir þegar sakramentin eru höfð um hönd merkja og gera nærverandi þær náðargjafir sem eru eiginlegar hverju sakramenti um sig. Þau bera ávöxt í þeim sem meðtaka þau með þeim vilja sem krafist er.

1132. Kirkjan hefur um hönd sakramentin sem prestlegt samfélag sem hefur í uppbyggingu sinni prestdóm skírnarinnar og prestdóm vígðra helgipjóna.

1133. Heilagur Andi undirbýr hina trúðu undir sakramentin með Orði Guðs og trúnni sem tekur á móti Orðinu í viljugt hjarta. Þannig styrkja sakramentin trúna og láta hana í ljós.

1134. Ávöxtur hins sakramentislega lífs er bæði persónulegur og kirkjulegur. Þessi ávöxtur er fyrir hvern hinna trúðu líf í þágu Guðs í Kristi Jesú; og fyrir kirkjuna er hann aukning á kærleikanum og hann styrkir erindi hennar að gefa vitnisburð.

1. Sbr. SC 6; LG 2.

2. 1Kor 11:26.
3. Ef 1:3-6.
4. eu-logia, bene-dictio.
5. Lk 10:21.
6. 2Kor 9:15.
7. Ef 1:6.
8. Rm 6:10; Heb 7:27; 9:12; sbr. Jh 13:1; 17:1.
9. SC 6.
10. Sbr. Jh 20:21-23.
11. SC 7; Mt 18:20.
12. SC 7.
13. SC 8; sbr. LG 50.
14. LG 2.
15. Sbr. DV 14-16; Lk 24:13-49.
16. Sbr. 2Kor 3:14-16.
17. Sbr. 1Pt 3:21.
18. Jh 6:32; sbr. 1Kor 10:1-6.
19. Sbr. Jh 14:26.
20. SC 24.
21. PO 4.
22. DV 2.
23. Sbr. Rm 12:1.
24. Hl. Jóhannes frá Damaskus, De fide orth 4, 13: PG 94, 1145A.
25. Sbr. Ef 1:14; 2Kor 1:22.
26. Sbr. Jh 15:1-17; Gl 5:22.
27. Sbr. 1Jh 1:3-7.
28. 2Kor 13:13.
29. Sbr. SC 6.
30. Sbr. annað kirkjupingið í Lyon (1274): DS 860; kirkjupingið í Flórens (1439): DS 1310; kirkjupingið í Trent (1547): DS 1601.
31. Kirkjupingið í Trent (1547): DS 1600-1601.
32. Hl. Leó mikli, Sermo, 74, 2: PL 54, 398.
33. Sbr. Lk 5:17; 6:19; 8:46.
34. Jh 16:13; sbr. Mt 13:52; 1Kor 4:1.
35. Hl. Ágústínus, De civ. Dei, 22, 17: PL 41, 779; sbr. hl. Tómas frá Akvínó, STh III, 64, 2 ad 3.
36. LG 11; sbr. Píus XII, Mystici Corporis (1943).
37. LG 11 § 2.
38. Sbr. LG 10 § 2.
39. Sbr. Jh 20:21-23; Lk 24:47; Mt 28:18-20.
40. Sbr. kirkjupingið í Trent (1547): DS 1609.
41. Lk 24:47.
42. Mt 28:19.

43. PO 4 §§ 1, 2.
44. SC 59.
45. Ep. 8.
46. Sbr. DV 8.
47. Sbr. UR 2; 15.
48. Sbr. kirkjuþingið í Trent (1547): DS 1605; DS 1606.
49. Sbr. kirkjuþingið í Trent (1547): DS 1608.
50. Hl. Tómas frá Akvínó, STh III, 68, 8.
51. Sbr. kirkjuþingið í Trent (1547): DS 1604.
52. Sbr. 2Pt 1:4.
53. 1Kor 11:26; 15:28.
54. 1Kor 16:22.
55. Lk 22:15.
56. Tt 2:13.
57. Opb 22:17, 20.
58. H. Tómas frá Akvínó, STh III, 60, 3.

ANNAR HLUTI: LEYNDARDÓMAR KRISTNINNAR HAFÐIR UM HÖND

FYRSTI ÞÁTTUR - SAKRAMENTISLEG RÁÐDEILD

ANNAR KAFLI: HIÐ SAKRAMENTISLEGA HELGIHALD PÁSKALEYNDARDÓMSINS

1135. Trúfræðsla helgisiðanna leiðir fyrst og fremst af sér skilning á hinni sakramentislegu ráðdeild (1. kafla). Í því ljósi koma umbætur á helgihaldi þeirra fram. Þessi kafla mun því fjalla um helgihald sakramenta kirkjunnar. Með hliðsjón af þeim fjölbreytileika sem er í hefðum helgisiðanna verður í honum ígrundað það sem er sameiginlegt í helgihaldi hinna sjö sakramenta. Síðar verður fjallað um það sem er eiginlegt hverju þeirra um sig. Þessi grundvallartrúfræðsla um helgihald sakramentanna svarar fyrstu spurningunum sem hinir trúuðu bera fram varðandi þetta málefni: - Hver hefur helgisiðina um hönd? - Hvernig eru helgisiðirnir hafðir um hönd? - Hvenær eru helgisiðirnir hafðir um hönd? - Hvar eru helgisiðirnir hafðir um hönd?

« 1. GREIN - AÐ HAFI UM HÖND HELGISIÐI KIRKJUNNAR

I. HVER HEFUR ÞÁ UM HÖND?

1136. (795, 1090) Helgisiðirnir eru “athöfn” Krists alls (Christus totus). Þeir sem jafnvel nú hafa þá um hönd utan við táknin eru þegar komnir til hinna himnesku helgisiða þar sem helgihaldið er að öllu leyti samvistir og veisla.

Þeir sem hafa um hönd hina himnesku helgisiði

1137. (2642, 662) Opinberun heilags Jóhannesar sem lesin er í helgisiðum kirkjunnar leiðir okkur fyrst í ljós “hásæti [sem] stóð á himni og einhver sat í hásætinu”: “Drottinn Guð.” [1] Því næst sýnir hún lambið “standa sem slátrað væri”: Krist krossfestan og upp risinn, hinn eina æðsta prest hins sanna helgidóms, hinn sama “sem fórnfærir og er fórnfærður, sem gefur og er gefinn”. [2] Að lokum sýnir hún “móðu lífsvatnsins... [sem] rann frá hásæti Guðs og lambsins”, eitt af fegurstu táknunum um Heilagan Anda. [3]

1138. (335, 1370) “Sameinaðir í Kristi” eru þetta þeir sem hlut eiga í þjónustunni að lofsyngja Guð og fullna fyrirætlun hans: hin himnesku völd, öll sköpunin (verurnar fjórar), þjónar gamla og nýja sáttmálans (öldungarnir tuttugu og fjórir), hinn nýi lýður Guðs (hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir), [4] sérstaklega píslarvottarnir “sem drepnir höfðu verið fyrir sakir Guðs orðs”, og alsæl móðir Guðs (konan), brúður lambsins, [5] og að lokum “mikill múgur, sem enginn gat tölu á komið, af alls kyns fólki og kynkvíslum og lýðum og tungum”. [6]

1139. Andinn og kirkjan gera okkur kleift að taka þátt í þessum eilífu helgisiðum hvenær sem við höfum um hönd leyndardóm hjálpræðisins í sakramentunum.

Þeir sem hafa um hönd hina sakramentislegu helgisiði

1140. (752, 1348, 1372) Það er allt samfélagið, líkami Krists í einingu við höfuð sitt, sem fer með helgihaldið. “Helgisiðapjónustur eru ekki einkaathafnir. Þær eru guðspjónustur kirkjunnar sem er

“sakramenti einingar”, eða nánar tiltekið hinn heilagi lýður sameinaður og skipulagður undir myndugleika biskupsins. Þess vegna snerta helgisiðapjónustur allan líkama kirkjunnar, þær birta hann og verka á hann. En þær snerta einstaka meðlimi kirkjunnar með mismunandi hætti allt eftir vígslu, hlutverki og raunverulegri þátttöku þeirra í þeim.” [7] Af þeim sökum, “sé þess nokkur kostur, skulu þær helgiathafnir, sem ætlað er að haldnar séu sameiginlega, að hinum trúuðu viðstöddum og með virkri þátttöku þeirra, fara fram með þeim hætti fremur en að þær séu haldnar með einstaklingsbundnum hætti og séu nánast einkaathöfn.” [8]

1141. (1120, 1268) Samkundan sem fer með helgihaldið er samfélag hinna skírðu sem “vígðir eru til nýs andlegs heimilis og helgs prestdóms vegna endurfæðingar sinnar og smurningar Heilags Anda og geta því, fyrir öll góðverk þau er kristnum manni sæma, borið fram andlega fórn.” [9] Þessi “almenni prestdómur” er af Kristi, prestinum eina, og eiga allir meðlimir hans hlut í þessum prestdómi: [10] Hin heilaga móðir, kirkjan, vill að allir þeir sem trúa verði leiddir til fullrar, vísvitandi og virkrar þátttöku í helgihaldi helgisiðanna eins og eðli helgisiðanna krefst og sem hinn kristni lýður, “útvalin kynslóð, konunglegt prestafélag, heilög þjóð og endurleystur lýður”, hefur rétt á og ber skylda til fyrir sakir skírnar sinnar. [11]

1142. (1549, 1561) En “limirnir hafa ekki allir sama starfa”. [12] Sumir meðlimir eru kallaðir af Guði, í og fyrir kirkjuna, til sérstakrar þjónustu hjá samfélaginu. Þessir þjónar eru útvaldir og vígðir með sakramentinu helgar vígslur en með því gerir Heilagur Andi þeim kleift að verka í persónu Krists, höfðinu, til þjónustu við alla meðlimi kirkjunnar. [13] Hinn vígði helgipjónn er svo að segja “íkon” Krists prestsins. Þar sem það er í evkaristíunni að sakramenti kirkjunnar er að fullu gert sýnilegt er það í forsæti fyrir henni að þjónusta biskupsins er sýnilegust, sem og, í samfélagi við hann, þjónusta prestanna og djáknanna.

1143. (903, 1672) Í því skyni að almennur prestdómur hinna trúuðu fá aðstoð í verkum sínum eru aðrar tilteknar þjónustur fyrir hendi sem ekki eru helgaðar sakramentinu helgar vígslur. Þessar þjónustur ákvarða biskuparnir í samræmi við helgisiðahefðir og þörfinni á sálgæslu. “Altarisþjónar, lesarar, textaskýrendur og söngkórinn iðka einnig sanna helgisiðapjónustu.” [14]

1144. Þegar sakramentin eru höfð um hönd er það því öll samkundan sem er leitourgós, hver samkvæmt sínu hlutverki en í “einingu Andans” sem verkar í öllum. “Í helgihaldi helgisiðanna á hver sá sem embætti hefur að gegna, safnaðarhirðir eða leikmaður, að iðka það sem honum ber að gera í embætti sínu samkvæmt eðli helgihaldsins og reglum helgisiðanna og einungis það, en einnig allt það.” [15]

II. HVERNIG ERU HELGISIÐIRNIR HAFÐIR UM HÖND?

Tákn og merki (1333-1340)

1145. (53) Í sakramentislegu helgihaldi fléttast saman tákn og merki. Eftir guðlegri handleiðslu hjálpræðisins er merking þeirra með rætur í sköpunarverkinu og í menningu mannsins og tilgreind í atburðum gamla sáttmálans og að fullu opinberuð í persónu og verki Krists.

1146. (362, 2702, 1879) Tákn hins mannlega heims. Í mannlegu lífi hafa tákn og merki mikilvægu hlutverki að gegna. Maðurinn, sem er í senn líkami og andi, lætur í ljós og skynjar andlegan veruleika í gegnum efnisleg tákn og merki. Maðurinn þarf sem félagsleg vera á táknum og merkjum að halda til að tjá sig við aðra eftir leiðum tungu, bendinga og athafna og það sama á við um samband hans við Guð.

1147. (299) Guð talar til mannsins í gegnum hið sýnilega sköpunarverk. Hinn efnislegi alheimur birtist vitsmunum mannsins á þann hátt að hann getur rakið í honum spor skapara síns. [16] Ljós og myrkur, vindur og eldur, vatn og jörð, tréð og ávextir þess, allt mæra þau Guð og eru tákn bæði um mikilleika hans og nálægð.

1148. Leiða má í ljós athafnir Guðs sem helga manninn og athafnir mannanna þegar þeir tilbiðja Guð eftir leiðum þessara skynjanlegu veruleika þar eð þeir eru hluti sköpunarverksins. Það sama á við um tákn og merki sem tekin eru úr félagslegu lífi mannsins: laugun og smurning, brotning brauðsins og berging úr sama bikar geta látið í ljós helgandi nærveru Guðs og þakklæti mannsins til skapara síns.

1149. (843) Hin merku trúarbrögð mannanna bera vott um alheimslega og táknræna þýðingu trúarathafna og gera það oft með tilkomumiklum hætti. Í helgisiðum kirkjunnar er gert ráð fyrir efnum úr sköpuninni og menningu mannsins, þau eru helguð og felld inn í þá og veittur sá verðleiki að vera tákn um náðina, um hina nýju sköpun í Jesú Kristi.

1150. (1334) Tákn sáttmálans. Hinn útvaldi lýður fékk frá Guði skýr tákn og merki sem auðkenndu helgisiðalíf hans. Ekki eru þau framar einskorðuð við að vera helgihald alheimslegrar hringrásar og félagslegs tákn máls heldur eru þau tákn sáttmálans, merki um stórverkin sem Guð hefur gert fyrir lýð sinn. Meðal slíkra helgisiðatákna frá gamla sáttmálanum má nefna umskurn, smurningu og vígslu konunga og presta, handayfirlagningu, fórnir og umfram allt páskana. Kirkjan sér í þessum táknum fyrirboða sakramenta nýja sáttmálans.

1151. (1335) Tákn sem Kristur notaði. Í boðskap sínum notar Drottinn Kristur oft tákn sköpunarinnar til að gera kunna leynda dóma Guðs ríkis. [17] Hann læknar og skýrir boðskap sinn með áþreifanlegum táknum eða táknrænum athöfnum. [18] Hann gefur atburðum og táknum gamla sáttmálans nýja merkingu, einkum útleiðingunni af Egyptalandi og páskunum, [19] því að hann sjálfur er merking allra þessara tákna.

1152. Sakramentisleg tákn. Frá hvítasunnudegi er það í gegnum sakramentisleg tákn kirkju hans að Heilagur Andi heldur áfram verki helgunarinnar. Sakramenti kirkjunnar fella ekki úr gildi auðlegðina sem finna má í félagslegum og alheimslegum táknum - þau hreinsa og gera að sinni þá auðlegð. Þar að auki uppfylla þau tákn og líkingar gamla sáttmálans, þau standa fyrir og gera nærverandi með virkum hætti hjálpræðisverk Krists og boða og sjá fyrir dýrð himnaríkis.

Orð og athafnir

1153. (53) Sakramentislegt helgihald er fundur Guðs barna með Föður sínum í Kristi og Heilögum Anda og tekur þessi fundur á sig samræðuform orða og athafna. Hinar táknrænu athafnir eru vissulega tungumál en Orð Guðs og andsvar trúarinnar verða að fylgja og gefa þeim líf til að sáðkorn Guðs ríkis geti borið ávöxt í góðri jörð. Athafnir helgisiðanna tákna það sem Orð Guðs lætur í ljós: frjálst frumkvæði Guðs og andsvar lýðs hans í trú.

1154. (1100, 103) Orðspjónustan er óaðskiljanlegur hluti hins sakramentislega helgihalds. Áriðandi er að lögð sé rækt við táknin sem fylgja Orði Guðs til að næra trú hinna trúuðu: bók Orðsins (ræðingabók eða guðspjallabók), heiðrun þess (helgigöngur, reykelsi og kerti), staðinn þaðan sem það er kunngjört (lektari eða lespúlt), skýran og greinilegan lestur, hómilíu prestsins sem leggur út frá því sem það kunngjörir, og andsvör samkundunnar (lof, ihugunarsálmur, litaníur og trúarjátning).

1155. (1127) Orð og athöfn helgisiðanna eru óaðskiljanleg að því leyti að þau eru tákn og uppfræðsla og að því leyti að þau fullna það sem þau tákna. Þegar Heilagur Andi vekur trúna

gefur hann ekki einungis skilning á Orði Guðs heldur gerir hann einnig nærverandi í gegnum sakramentin “stórmerki” Guðs sem það kunngjörir. Andinn gerir nærverandi og miðlar verki Föðurins sem hans elskaði Sonur hefur uppfyllt.

Söngur og tónlist

1156. “Tónlistarhefð allrar hinnar almennu kirkju er fjársjóður sem hefur ómetanlegt gildi, jafnvel meira gildi en nokkur önnur list. Meginástæðan fyrir þessum umframkostum er sú að í henni býr samþáttur helgrar tónlistar og orða sem er nauðsynlegur og óaðskiljanlegur þáttur hátíðlegra helgisiða.” [20] Samning og söngur innblásinna sálma, oft undir hljóðfæraslætti, tengdust þegar í gamla sáttmálanum náði helgihaldi helgisiðanna. Kirkjan heldur áfram þessari hefð og þróar hana: “Ávarpið hver annan með sálmum, lofsöngum og andlegum ljóðum. Syngið og leikið fyrir Drottin í hjörtum yðar.” “Hann sem syngur biður tvöfalt.” [21]

1157. (2502) Söngur og tónlist verða æ mikilvægari í hlutverki sínu sem tákn eftir því sem þau eru “nátengdari athöfnum helgisiðanna” [22] í þremur meginþáttum: fegurð sem tjáir bænina, einróma þátttöku samkundunnar á tilgreindum stöðum, og hátíðarblæ helgihaldsins. Með þessum hætti á söngur og tónlist hlut í því sem er tilgangur orða og athafna helgisiðanna: dýrð Guðs og helgun hinna trúuðu. Þegar kirkja þín fylltist ljúfum ómum helgra ymna og söngva, var ég gagntekinn og hrærðist til tára. Þessir ómar flæddu mér um eyru, og sannleikurinn streymdi inn í hjarta mitt, og heilög hrifning fyllti mig og braust út í tárur, sem gerðu mig sælan. [24]

1158. (1201, 1674) Samhljómur tákna (söngs, tónlistar, orða og athafna) er því ávaxtaríkari og áhrifameiri að hann fái að óma í auðlegð menningar þeirrar þjóðar Guðs sem fer með helgihaldið. [25] Þess vegna “á að hlúa að því á skynsaman hátt að hinir trúuðu syngi trúarsöngva til að í andaktinni og helgum gjörðum sem og í þjónustu helgisiðanna”, í samræmi við reglur kirkjunnar, “heyrist raddir hinna trúuðu”. En “textarnir sem syngja á verða ávallt að vera í samræmi við kaþólska kenningu og þar að auki ætti allra helst að sækja þá í Heilaga Ritningu og uppsprettur helgisiðanna”. [26]

Helgimyndir (476-477)

1159. (2129-2132) Helgimyndirnar, íkonar helgisiðanna, sýna einkum Krist. Þær geta ekki sýnt hinn ósýnilega og óskiljanlega Guð en hinn holdtekni Sonur Guðs hefur innleitt nýja “ráðdeild” í myndnotkun: Áður fyrr gat Guð, sem hvorki hefur líkama né andlit, ekki verið sýndur á mynd. En nú, þegar hann hefur gert sig sýnilegan í holdinu og hefur lifað meðal mannanna, get ég gert mynd af því sem ég hef séð af Guði... og með andlit hans afhjúpað, íhugað dýrð Drottins. [27]

1160. Kristin helgimyndagerð sýnir í myndum þann sama boðskap guðspjallsins og Ritningin miðlar í orðum. Mynd og orð varpa ljósi hvort á annað: Vér lýsum yfir að vér varðveitum heilt og óskert allar skráðar og óskráðar erfðavenjur kirkjunnar sem oss hefur verið treyst fyrir. Ein af þessum erfðavenjum felst í gerð listaverka sem eru mótuð í samræmi við prédikunarsögu guðspjallsins. Því að gerð þeirra staðfestir að holdtekning Orðs Guðs var sönn en ekki hugarburður og okkur jafnframt til gagns vegna þess að veruleikar sem gefa mynd hvor af öðrum endurspegla tvímælalaust merkingu hvors annars. [28]

1161. Öll táknin í helgihaldi helgisiðanna tengjast Kristi: sama á við um helgimyndir af heilagri Guðsmóður og dýrlingunum. Þær tákna að sönnu Krist sem í þeim er dýrlegur gerður. Þær gera sýnilegan hinn “fjölda votta” [29] sem áfram taka þátt í hjálpræði heimsins en þeim sameinumst við fyrst og fremst í helgihaldi sakramentanna. Í gegnum helgimyndir þeirra er það maður “í

mynd Guðs”, endanlega umbreyttur til “að verða honum líkur”, [30] sem er opinberaður trú okkar. Það eru jafnframt englarnir sem einnig eru sameinaðir í Kristi: Með því að fylgja hinum guðlega innblásna lærdómi okkar heilögu kirkjufæðra og erfðavenju kaþólsku kirkjunnar (því að vér vitum að þessi erfðavenja kemur frá hinum Heilaga Anda sem dvelur í henni) ákvörðum vér með réttu og af fullri vissu og nákvæmni að á sama hátt og gildir um ímynd hins dýrmæta og lífsgefandi kross, skulu lotningaverðar og heilagar myndir af Drottni vorum og Guði og frelsara Jesú Kristi, vorri óspjölluðu frú, heilagri Guðsmóður, og hinum æruverðugu englum, öllum dýrlingunum og hinum réttlátu, hvort sem þær eru málaðar eða gerðar úr mósaík eða öðru hentugu efni, hafðar uppi í helgum kirkjum Guðs, á helgum ílátum og messuklæðum, veggjum og þiljum í húsum og á götum úti. [31]

1162. (2502) “Fegurð myndanna hreyfir mig til íhugunar líkt og grundin gleður augað og klæðir sálina dýrð Guðs í kyrrþey.” [32] Með líkum hætti gerist það að íhugun á helgimyndum samfara hugleiðslu á Orði Guðs og lofsöngvum helgisiðanna samverkar með táknum helgiholdsins til að leyndardómurinn sem hafður er um hönd verði letraður í minni hjartans og að hann lýsi sér síðan í hinu nýja lífi þeirra sem hafa trú.

III. HVENÆR ERU HELGISIÐIRNIR HAFÐIR UM HÖND?

Árstíðir helgisiðanna

1163. (512) “Kirkjan, okkar heilaga móðir, lítur á það sem hlutverk sitt að hafa um hönd hjálpræðisverk síns guðdómlega brúðguma í helgri minningu á tilgreindum dögum árið um kring. Einu sinni í viku hverri, á þeim degi sem hún hefur nefnt Drottinsdag, minnst hún upprisú Drottins. Hún heldur hana einnig hátíðlega ár hvert, ásamt blessaðri píslarsögu hans, á páskum sem eru mestir hátíða. Þar að auki leiðir hún í ljós árið um kring allan leyndardóm Krists Með því að minna þannig á leyndardóma endurlausnarinnar opnar hún upp fyrir hinum trúuðu auðlegðir krafta Drottins og verðleika hans þannig að þeir verði á vissan hátt gerðir nærverandi á öllum tímum; hinir trúuðu komast í snertingu við þá og verða fylltir af náð hjálpræðisins.” [33]

1164. Allt frá tímum lögmáls Móse hefur lýður Guðs haldið í heiðri fastar hátíðir sem settar eru eftir páskahátíðinni. Það hefur verið gert til að minnast hinna undraverðu verka Guðs frelsarans, færa honum þakkir fyrir þau, gera minningu þeirra ævarandi, og kenna nýjum kynslóðum að laga lífshætti sína að þeim. Á öld kirkjunnar, milli páska Krists sem þegar eru fullnaðir í eitt skipti fyrir öll, og fullkomnunar þeirra í konungsríki Guðs, bera helgisiðirnir, þar sem þeir eru hafðir um hönd á fastsettum dögum, merki um ferskleika leyndardóms Krists.

1165. (2659-2836, 1085) Þegar kirkjan hefur um hönd leyndardóm Krists einkennir það bæn hennar að sagt er “í dag”, en það endurómar bænina sem Drottinn kenndi henni og kall Heilags Anda. [34] Þetta “í dag” hins lifanda Guðs sem maðurinn er kallaður að ganga inn til er “stund” páska Jesú sem nær út yfir alla söguna og undirstrikar hana: Lífið teygir sig yfir allt sem lifir og fyllir það ómældu ljósi; sólaruppgangur sólaruppgangsins fyllir allan heiminn og hann sem var “áður en morgunstjarnan” og áður en stjörnur himinsins, ódauðlegur og gríðarmikill, hinn mikli Kristur, skín skærar á allt sem lifir en sólin. Því kemur inn í líf okkar sem trúum á hann dagur ljóssins, langs og eilífs, sem aldrei slokknar á: hinir leyndardómsfullu páskar. [35]

Drottinsdagur (2174-2188)

1166. (1343) “Eftir arfleifð frá postulunum sem á uppruna sinn á sjálfum upprisudegi Krists hefur

kirkjan um hönd páskaleyndardóminn hvern sjöunda dag, sem réttilega nefnist Drottinsdagur eða sunnudagur.” [36] Upprisudagur Krists er hvorttveggja fyrsti dagur vikunnar, minningin um hinn fyrsta dag sköpunarinnar, og hinn “áttundi dagur”, þegar Kristur, eftir sína miklu “sabbatshvöld”, innleiddi “daginn sem Drottinn hefur skapað”, “daginn sem engan aftann þekkir”. [37] Máltíð Drottins er miðja hans því þar á allt samfélag hinna trúuðu mót við hinn upprisna Drottin sem býður þeim til veislu sinnar: [38] Drottinsdagurinn, upprisudagurinn, dagur kristinna manna, er okkar dagur. Hann er nefndur Drottinsdagur vegna þess að á honum reis Drottinn sigursæll upp til Föðurins. Þegar heiðingjarnir kalla hann “dag sólarinnar” samsinnnum við því fúslega því í dag birtir af ljósi heimsins, í dag opinberast ljós réttlætisins sem græðir okkur með geislum sínum. [39]

1167. Framar öðrum dögum er sunnudagurinn dagur helgisiðasamkundunnar þegar hinir trúuðu koma saman til að “hlýða á orð Guðs og taka þátt í evkaristíunni og hugfesta þannig píslarsöguna, upprisuna og dýrð Drottins Jesú, og færa Guði þakkir sem “hefur getið þá aftur með upprisu Jesú Krists frá dauðum” til lifandi vonar”: [40] Þegar vér hugleiðum, ó minn Kristur, þær dásemdir sem gerðust á þessum degi, sunnudegi þinnar heilögu upprisú, segjum vér: Blessaður er sunnudagurinn því að á honum hófst sköpunin... hjálpræði heimsins... endurnýjun mannkynsins.... Á sunnudeginum fögnuðu himinn og jörð og allur heimurinn fylltist ljósi. Blessaður er sunnudagurinn því að á honum opnuðust hlið paradísar til að Adam og allir sem í útlegð voru mættu ganga þar inn óttalausir. [41]

Kirkjuárið

1168. (2698) Frá upphafi bænadaga páskanna (triduum) er hinn nýi tími upprisú Krists öllu kirkjuárinu ljósgjafi og fyllir það ljóma sínum. Jafnt og þétt, sitt hvoru megin við þennan ljósgjafa, ummyndast árið eftir helgisiðunum. Það er í raun og veru “náðarár Drottins”. [42] Ráðeild hjálpræðisins verkar innan hins stundlega en síðan uppfyllingu þess í páskum Jesú og úthellingu Heilags Anda er horft til lokakafla sögunnar sem “forsmekks” og ríki Guðs kemur inn í okkar tíma.

1169. (1330, 560) Þess vegna eru páskarnir ekki einungis ein hátíð meðal margra, heldur “hátíð hátíðanna”, “stórhátíð stórhátíðanna” á sama hátt og evkaristían er “sakramenti sakramentanna” (hið mikla sakramenti). Heilagur Áþanasíus kallar páskana “hinn mikla sunnudag” [43] og Austurkirkjurnar kalla dymbilviku “efstu viku”. Leyndardómur upprisunnar, þegar Kristur gersígraði dauðann, hleður okkar gamla tíma sinni kraftmiklu orku þar til allt lýtur honum.

1170. Á kirkjupinginu í Níkeu 325 urðu allar kirkjurnar ásáttar um að halda páska kristinna manna næsta sunnudag eftir að tunglið verður fullt (14. nísan) eftir vorjafndægur. Vegna mismunandi aðferða við að reikna út 14. dag nísanmánaðar er dagsetning páskanna í vestur- og austurkirkjunum ekki ávallt hin sama. Af þessum sökum leita kirkjurnar nú samkomulags til að þær geti á ný haldið upprisudag Drottins á sama tíma.

1171. (524) Í kirkjuárinu eru hinir ýmsu þættir páskaleyndardómsins eina afhjúpaðir. Það gerist einnig í röð þeirra hátíða sem umlykja leyndardóm holdtekjunnar (boðun Drottins, jól, birting Drottins). Með þeim er upphafs hjálpræðis okkar minnst og okkur miðlað frumgróða páskaleyndardómsins.

Dýrlingatálið í kirkjuárinu

1172. (971, 2030) “Með því að halda hátíðlegt þetta árlega tímatal leyndra dóma Krists, heiðrar kirkjan með sérstökum kærleika hina sælu Guðsmóður Maríu sem tengist með óaðskiljanlegum

hætti hjálpræðisverki sonar síns. Í henni dái og lofar kirkjan bestu ávexti endurlausnarinnar og skoðar með fögnuð það í henni, líkt og í óðafinnanlegri mynd, sem hún sjálf þráir og vonar innilega að verða.” [44]

1173. (957) Þegar kirkjan minnst píslarvottanna og annarra dýrlinga í kirkjuárinu kunngjörir hún páskaleyndardóminn í þeim “sem þjást hafa og vegsamaðir hafa verið með Kristi. Hún sýnir þá hinum trúuðu sem fyrirmyndir er dragi alla menn til Föðursins fyrir Krist. Og fyrir verðleika þeirra biður hún ákaft um velgjörðir Guðs.” [45]

Tíðabænin

1174. (2698) Leyndardómur Krists, holdtekja hans og píslarsaga, sem við höfum um hönd í evkaristíunni, einkum í þjónustu sunnudagsins, rennur inn í og ummyndar hverjar þær stundir dagsins sem fyrir helgihald tíðabænanna eru “hinar guðdómlegu tíðir”. [46] Þetta tíðahald, trúfast hinni postullegu hvatningu um að “biðja án afláts”, er “þannig upp sett að hvorutveggja dagur og nótt helgast samfelld með lofsöngnum til Guðs”. [47] Í þessari “opinberu bæn kirkjunnar” [48] iðka hinir trúuðu (klerkar, klausturfólk og leikmenn) konunglegan prestdóm hinna skírðu.

Tíðabænin, haldnar í “þeirri gerð” sem kirkjan hefur “samþykkt”, “eru í sannleika rödd sjálfrar brúðarinnar sem talar við brúðguma sinn. Það er sú bæn sem Kristur sjálfur ásamt með líkama sínum beinir til Föðursins”. [49]

1175. Tíðabænunum er ætlað að vera bæn alls lýðs Guðs. Í þeim “heldur Kristur áfram prestverki sínu í gegnum kirkju sína”. [50] Allir limir hans taka þátt í þeim hver samkvæmt stöðu sinni í kirkjunni og lífsskilyrðum sínum: prestar vegna þess að þeir helga sig hirðisþjónustunni, og vegna þess að þeir eru kallaðir til að vera iðjúsamir í bæn og þjónustu orðsins; klausturfólk í krafti náðargjafa þess vígða lífs sem það hefur hlotið; allir hinir trúuðu eftir því sem mögulegt er: “Sálahirðar eiga að sjá til þess að aðaltíðirnar, einkum aftansöngur, séu haldnar sameiginlegar í kirkjunni á sunnudögum og á stærri stórhátíðum. Leikmenn eru einnig hvattir til að biðja helgar tíðir, annað hvort með prestunum eða hver með öðrum, eða jafnvel einir.” [51]

1176. (2700) Helgihald tíðabænanna krefst ekki einungis þess að samhljómur sé á milli raddarinnar og hins biðjandi hjarta heldur einnig að til staðar sé dýpri “skilningur á helgisiðunum og Biblíunni, sérstaklega Sálmunum”. [52]

1177. (2586) Hymnarnir og litaníurnar í tíðabænunum fella bænin sálmanna inn í öld kirkjunnar og leiða í ljós táknræna merkingu tiltekinnar stundar dagsins, árstíðar helgisiðanna eða hátíðarinnar sem haldin er. Þar að auki verður lestur á Orði Guðs við hverja tíðabæn (með fylgjandi andsvari eða troparia) og lestur á kirkjuféðrunum og andlegum lærimeisturum við tilteknar tíðabænin til þess að dýpri merking fæst á leyndardóminum sem hafður er um hönd. Lectio divina, þegar Orð Guðs er lesið og hugleitt svo að það verði að bæn, á þannig rætur sínar í helgihaldi helgisiðanna.

1178. (1378) Tíðabænin, sem segja má segja að séu útfærsla á helgihaldi evkaristíunnar, standa ekki í vegi fyrir því að lýður Guðs ástundi hinar ýmsu andaktar, sérstaklega heiðrun og tilbeiðslu hins heilaga sakramentis, heldur kalla þær fram hinar ýmsu andaktar sem á móti uppfylla þær.

IV. HVAR ERU HELGISIÐIRNIR HAFÐIR UM HÖND?

1179. (586) Tilbeiðslan “í Anda og sannleika” [53] í hinum nýja sáttmála er ekki eingöngu bundin

við einn ákveðin stað. Öll jörðin er heilög og í varðveislu mannsbarna. Það sem skiptir mestu máli er að þegar hinir trúuðu eru samankomnir á einum stað hafa þeir safnast saman til að “uppbyggjast sem lifandi steinar í andlegt hús”. [54] Því að líkami hins upprisna Krists er andlegt musteri þaðan sem hið lifandi vatn sprettur fram. Innlimaðir í Krist af Heilögum Anda erum “vér musteri hins lifanda Guðs”. [55]

1180. (2106) Þegar ekkert hindrar að trúfrelsi sé iðkað⁵⁶ reisir kristið fólk byggingar fyrir guðspjónustuna. Þessar sýnilegu kirkjur er ekki eintómir samkomustaðir heldur tákna þær og gera sýnilega kirkjuna sem býr á staðnum - bústað Guðs hjá mönnum sem sáttir eru og sameinaðir í Kristi.

1181. (2691) Kirkjan, “bænahúsið þar sem evkaristían er höfð um hönd og hún varðveitt, þar sem hinir trúuðu safnast saman og þar sem tilbeðin er nærvera Sonar Guðs, frelsara okkar, framborinn í okkar þágu á fórnaraltarinu þeim til hjálpar og huggunar sem trúa - þetta hús skal vera fallett og vel fallið til bæna og heilags helgihalds”. [57] Í þessu “Guðshúsi” á sannleikurinn og samhljómur táknanna sem gefa honum mynd að sýna að Kristur er nærverandi og virkur á þessum stað. [58]

1182. (617, 1383) Altari hins nýja sáttmála er kross Drottins [59] þaðan sem öll sakramenti páskaleyndardómsins streyma. Á altarinu, sem er miðja kirkjunnar, er krossfórinn gerð nærverandi undir tákni sakramentisins. Altarið er einnig borð Drottins sem lýð Guðs er boðið til. [60] Í vissum helgisiðum Austurlanda er altarið einnig tákn grafarinnar (Kristur dó sannarlega og reis sannarlega upp).

1183. (1379, 2120, 1241) Guðslíkamahúsið skal haft “í kirkjunni á mjög verðugum og mjög virðulegum stað”. [61] Mikilleiki, staðsetning og öryggi guðslíkamahússins á að stuðla að tilbeiðslu frammi fyrir Drottni, sem er raunverulega nærverandi í heilögu altarisakramenti. [62] Heilög krisma (myron), sem notuð er til smurningar sem sakramentislegt tákn um innsigli náðargjafa Heilags Anda, er eftir hefðinni varðveitt og heiðruð á öruggum stað í kórnum. Einnig má varðveita þar olíu trúnema og olíu sjúkra.

1184. (1348, 103) Stóll biskupsins (cathedra) eða stóll prestsins “eiga að leiða í ljós embætti þess sem situr í forsæti samkundunnar og leiðir bænahaldið”. [63] Lektarinn (lespúltið): “Mikilleiki Orðs Guðs krefst þess að í kirkjunni megi finni góðan stað til að senda út boðskap hans svo að athygli fólksins megi beinast með eðlilegum hætti að þeim stað við orðspjónustuna”. [64]

1185. (2717) Það er við skírnina að lýður Guðs byrjar að safnast saman; í kirkjunni verður að vera staður fyrir helgihald skírnarinnar (skírnarkapella) auk fonts fyrir vígt vatn til að minna á skírnarheitin. Endurnýjunin á því lífi sem tekið er á móti í skírninni krefst yfirbótar. Því verður að vera hægt að nota kirkjuna til að láta í ljós iðrun og móttaka syndaaflausn en það gerir þær kröfur að viðeigandi staður sé fyrir hendi til að taka á móti skriftabörnum. Kirkjan á einnig að vera staður þar sem okkur býðst til að skoða hug okkar og biðja hljóðláttrar bænar sem eykur við og setur hið innra með okkur Efstubænina hina miklu.

1186. (1130) Að síðustu hefur kirkjan heimsslitalega þýðingu. Til að fara inn í hús Guðs verður að fara yfir þröskuld sem er tákn um að horfið sé frá heimi særðum af synd inn í heim nýs lífs sem allir menn eru kallaðir til. Hin sýnilega kirkjubygging er tákn um hús Föðursins þangað sem lýður Guðs er á vegferð sinni og þar sem Faðirinn “mun þerra hvert tár af augum þeirra”. [65] Einnig af þessum sökum er kirkjan hús allra barna Guðs sem er opið og tekur vel á móti þeim sem þangað koma.

Í STUTTU MÁLI

1187. Helgisiðirnir eru verk allrar kirkjunnar, höfuðs og líkama. Æðstiprestur okkar hefur þá um hönd án afláts í hinum himnesku helgisiðum ásamt með heilagri Guðsmóður, postulunum, öllum dýrlingum og öllum fjölda þeirra sem þegar hafa gengið inn í konungsríkið.

1188. Í helgihaldi helgisiðanna er öll samkoman leitourgós - hve meðlimur starfar samkvæmt sínu hlutverki. Prestdómur skírnarinnar tilheyrir öllum líkama Krists. En sumir hinna trúuðu eru vígðir sakramentinu helgar vígslur og standa þeir fyrir Krist sem höfuð líkamans.

1189. Í helgihaldi helgisiðanna eru notuð tákni og merki sem vísa til sköpunarverksins (kerti, vatn og eldur), mannlegs lífs (laugun, smurning og brotning brauðsins) og hjálpræðissögunnar (páskasiðir). Þessi efni héðan úr heimi, venjur mannsins, og bendingar um nafn Guðs flytja frelsandi og helgandi athafnir Krists þegar þau samlagast heimi trúarinnar og eru hafin upp af krafti Heilags Anda.

1190. Orðspjónustan er óaðskiljanlegur hluti helgihaldsins. Merking helgihaldsins er tjáð með Orði Guðs sem er kunngert og skuldbindandi andsvari trúarinnar.

1191. Söngur og tónlist eru í nánum tengslum við athöfn helgisiðanna. Það sem mælir rétta notkun þeirra er fegurðin sem lýsir bæninni, full þátttaka samkundunnar og hin heilögu einkenni helgihaldsins.

1192. Helgar myndir sem finna má í kirkjum okkar og á heimilum eiga að vekja og næra trú okkar á leyndardóm Krists. Fyrir helgimyndina af Kristi og hjálpræðisverk hans er það hann sem við dýrkum. Með helgar myndir af heilagri Guðsmóður og englum og dýrlingum fyrir augum heiðrum við þær persónur sem þar eru sýndar.

1193. Sunnudagurinn, "Drottinsdagur", er mikilvægasti dagurinn til að hafa um hönd evkaristíuna vegna þess að hann er dagur upprisunnar. Hann er fremstur allra daga til að koma saman og hafa um hönd helgisiðina. Hann er dagur hinnar kristnu fjölskyldu og dagur fagnaðar og hvíldar frá vinnu. Sunnudagurinn er "grundvöllur og kjarni alls kirkjuársins" (SC 106).

1194. Kirkjan "leiðir í ljós allan leyndardóm Krists eftir því sem árið líður, frá holdtekju hans og fæðingu fram að uppstigningu hans, til hvítasunnudags og til eftirvæntingar hinnar sælu vonar, komu Drottins" (SC 102 § 2).

1195. Með því að minnast dýrlinganna - fyrst af öllu heilagrar Guðsmóður, síðan postulanna, píslarvottanna og annarra dýrlinga - á fastsettum dögum í kirkjuárinu, sýnir kirkjan á jörðu að hún er í einingu við helgisiðina á himnum. Hún gefur Kristi dýrð fyrir að hafa fullnað hjálpræði sitt í vegsömuðum limum sínum; fordæmi þeirra er henni hvatning á vegferð hennar til Föðurins.

1196. Þeir hinna trúuðu sem halda tíðabæninir eru í einingu við æðstaprest okkar Krist í bænum Sálmana, hugleiðslu á Orði Guðs, hymnasöngvum og blessunum í því skyni að sameinast hans óaflátanlegu og algildu bæn sem gefur Föðurnum dýrð og biður um gjafir Heilags Anda út yfir allan heiminn.

1197. Kristur er hið sanna musteri Guðs "staðurinn þar sem dýrð hans býr"; fyrir náð Guðs verða kristnir menn einnig musteri Heilags Anda, lifandi steinar sem kirkjan er byggð úr.

1198. Í jarðneskri tilveru sinni þarf kirkjan á stöðum að halda þar sem samfélagið getur komið saman. Okkar sýnilegu kirkjur, heilögu staðir, eru myndir hinnar helgu borgar, hinnar himnesku Jerúsalem þangað sem við erum á vegferð okkar sem pílagrímar.

1199. Það er í þessum kirkjum að kirkjan hefur um hönd almenna tilbeiðslu til dýrðar hinni heilögu þrenningu, heyrir orð Guðs og syngur honum lof, lætur bænir sína stíga upp og ber fram fórn Krists sem er nærverandi á sakramentislegan hátt í miðju samkundunnar. Kirkjurnar eru einnig staðir til að skoða hug sinn og biðja persónulegar bænir.

« 2. GREIN - MARGBREYTILEIKI Í HELGISIÐUM OG EINNIG Í LEYNDARDÓMINUM

Helgisiðhefðir og kaþólsk einkenni kirkjunnar

1200. (2625) Allt frá fyrsta samfélaginu í Jerúsalem og þar til Kristur kemur aftur er það sami páskaleyndardómurinn sem kirkjur Guðs, trúfastar trú postulanna, hafa um hönd á hverjum stað. Einn er leyndardómurinn sem hafður er um hönd í helgisiðunum en hann er haldinn með fjölbreyttum hætti.

1201. (2663, 1158) Leyndardómur Krists er það ósegjanlega auðugur að engin ein helgisiðahefð getur tæmt hann í tjáningu sinni á honum. Saga hinna ýmsu helgiathafna, hvernig þær hafa blómstrað og þróast, ber vitni um hvernig þær hafa uppfyllt hver aðra með einstökum hætti. Þegar kirkjurnar lifðu helgisiðaarfleifð sína í samfélagi trúarinnar og í sakramentum hennar, auðuguðu þær hver aðra og uxu í tryggð við erfikenninguna og sameiginlegt erindi allrar kirkjunnar. [66]

1202. (814, 1674, 835, 1937) Á grunni sjálfs erindis kirkjunnar hafa hinar ýmsu helgisiðahefðir orðið til. Þegar kirkjur á sama land- og menningarsvæði fóru að hafa um hönd leyndardóm Krists tóku þær upp tiltekin orðfæri er einkenndu menningu þeirra: í arfleifð “trúararfsins”, [67] í táknrænni merkingu helgisiðanna, í skipulagningu bræðrasamfélaga, í guðfræðilegum skilningi á leyndardómunum, og í margvíslegum gerðum heilagleikans. Með helgisiðalífi staðbundinnar kirkju er Kristur, ljós og hjálpræði allra þjóða, opinberaður þeirri tilteknu þjóð og menningu sem sú kirkja hefur verið send til og þar sem hún hefur fest rætur. Kirkjan er kaþólsk, hún getur tekið upp í einingu sína og hreinsað um leið alla sannar auðlegðir sem hver menning geymir. [68]

1203. Hefðir eða helgiathafnir helgisiðanna sem nú eru haldnar í kirkjunni eru eftir latnesku helgiathöfninni (þar er fyrst og fremst um að ræða þá rómversku en einnig þær sem vissar staðbundnar kirkjur hafa eins og sú ambrósíanska eða sumar trúarreglur) og þeirri býsönsku, alexandrísku eða koptísku, sýrlensku, armensku, maronísku og kaldeisku. “Í trúfastri hlýðni við arfleifðina lýsir þetta heilaga kirkjuþing yfir að heilög móðir, kirkjan, telur að allar helgiathafnir sem viðurkenndar eru með lögmætum hætti hafi jafnan rétt og tign og að hún vilji varðveita þær í framtíðinni og hlúa að þeim á allan hátt”. [69]

Helgisiðir og menning

1204. (2684, 854, 1232, 2527) Helgihald helgisiðana verður þannig að svara til sérkenna og menningar hverrar þjóða. [70] Til að leyndardómur Krists verði “kunngjörður öllum þjóðum [og] veki hlýðni við trúna” [71] verður að kunngera hann, hafa hann um hönd og lifa honum á öllum menningarsvæðum á þann hátt að menning leggist ekki niður hans vegna heldur hefjist til fyrri vegs og uppfyllist. [72] Það er með og fyrir sína eigin mannlegu menningu, sem Kristur tekur til sín og ummyndar, að allur skari Guðs barna fær aðgang að Föðurnum til að gera hann dýrlegan í hinum eina Anda.

1205. (1125) “Í helgisiðunum, umfram allt annað í sakramentunum, er að finna óumbreytanlegan

þátt stofnsettan af guðdóminum og sem kirkjan verndar. Auk þess eru þar þættir sem má breyta og kirkjan hefur vald til að gera og stundum er það jafnvel skylda hennar að laga þá að menning þeirra þjóða sem nýlega hafa meðtekið boðun fagnaðarerindisins.” [73]

1206. “Margbreytni í helgisiðunum getur verið uppspretta til auðgunar en hún getur einnig valdið spennu, misskilningi á báða bóga og jafnvel klofningi. Í þessu sambandi er það ljóst að margbreytnin má ekki skaða eininguna. Hún má ekki gera annað en að sýna tryggð við hina sameiginlegu trú, við tákni sakramentanna sem kirkjan hefur meðtekið frá Kristi, og við helgisamneytið. Menningarleg aðhæfing krefst einnig sinnaskipta hjartans og, þar sem það er nauðsynlegt, að sagt sé skilið við hefðir forfeðranna sem samræmast ekki kaþólskri trú.” [74]

Í STUTTU MÁLI

1207. Það er við hæfi að helgihald helgisiðanna leiti í þann farveg að því sé gert skil innan menningar þeirra þjóða þar sem kirkjan hefur staðsett sig án þess þó að hún verði henni undirgefin. Ennfremur skapa helgisiðirnir sjálfir menningu og móta hana.

1208. Hinar ýmsu hefðir eða athafnir helgisiðanna, sem hlótið hafa lögmæta viðurkenningu, leiða í ljós kaþólsk einkenni kirkjunnar vegna þess að þær merkja og miðla sama leyndardómi Krists.

1209. Reglan sem tryggir einingu hinna ýmsu hefða helgisiðanna er tryggðin við hina postullegu erfikenningu, það er að segja, samfélagið í trúnni og sakramentunum sem fengið er frá postulunum, samfélag sem er táknað og ábyrgt með hinni postullegu vígsluröð.

1. Opb 4:2, 8; Jes 6:1; sbr. Esk 1:26-28.
2. Opb 5:6; helgisiðir heilags Jóhannesar Krýsostomus, Anaphora; sbr. Jh 1:29; Heb 4:14-15; 10:19-21.
3. Opb 22:1; sbr. 21:6; Jh 4:10-14.
4. Sbr. Opb 4-5; 7:1-8; 14:1; Jes 6:2-3.
5. Opb 6:9-11; Opb 21:9; sbr. 12.
6. Opb 7:9.
7. SC 26.
8. SC 27.
9. LG 10; sbr. 1Pt 2:4-5.
10. LG 10; 34; PO 2.
11. SC 14; sbr. 1Pt 2:9; 2:4-5.
12. Rm 12:4.
13. Sbr. PO 2; 15.
14. SC 29.
15. SC 28.
16. Sbr. SS 13:1; Rm 1:19 o.áfr.; P 14:17.
17. Sbr. Lk 8:10.
18. Sbr. Jh 9:6; Mk 7:33 o.áfr.; 8:22 o.áfr.
19. Sbr. Lk 9:31; 22:7-20.
20. SC 112.

21. Ef 5:19; hl. Ágústínus, En. in Ps 72, 1: PL 36, 914; sbr. Kól 3:16.
22. SC 112 § 3.
23. Sbr. SC 112.
24. Hl. Ágústínus, Conf. 9, 6, 14: PL 32, 769-770. Ísl. þýð. Sigurbjörn Einarsson (Bókaútgáfa Menningarsjóðs: Reykjavík 1962), 224.
25. Sbr. SC 119.
26. SC 118; 121.
27. Hl. Jóhannes frá Damaskus, De sacris imaginibus orationes 1, 16: PG 96: 1245-1248.
28. Annað kirkjuþingið í Níkeu (787): COD 111.
29. Heb 12:1.
30. Sbr. Rm 8:29; 1Jh 3:2.
31. Annað kirkjuþingið í Níkeu: DS 600.
32. Hl. Jóhannes frá Damaskus, De sacris imaginibus orationes 1, 27: PG 94, 1268A, B.
33. SC 102.
34. Sbr. Mt 6:11; Heb 3:7-4:11; Sl 95:7.
35. Hl. Hippolytus, De pasch. 1-2: SCh 27, 117.
36. SC 106.
37. Býsanskir helgisiðir.
38. Sbr. Jh 21:12; Lk 24:30.
39. Hl. Híerónýmus, Pasch.: CCL 78, 550.
40. SC 106.
41. Fanqith, sýrlenskar tíðir frá Antfokkiu, 6. bindi, fyrsti sumarhlutinn, 193 B.
42. Lk 4:19.
43. Hl. Ápanasíus (ad 329) ep. fest. 1: PG 24, 1366.
44. SC 103.
45. SC 104; sbr. SC 108, 111.
46. Sbr. SC IV, 83-101.
47. SC 84; 1Þ 5:17; Ef 6:18.
48. SC 98.
49. SC 84.
50. SC 83.
51. SC 100; sbr. 86; 96; 98; PO 5.
52. SC 90.
53. Jh 4:24.
54. 1Pt 2:5.
55. 2Kor 6:16.
56. Sbr. DH 4.
57. PO 5; sbr. SC 122-127.
58. Sbr. SC 7.
59. Sbr. Heb 13:10.
60. Sbr. IGMR 259.
61. Páll VI, Mysterium Fidei: AAS (1965) 771.
62. Sbr. SC 128.

- 63. IGMR 271.
- 64. IGMR 272.
- 65. Opb 21:4.
- 66. Sbr. Páll VI, EN 63-64.
- 67. 2Tm 1:14 (Vulgata).
- 68. Sbr. LG 23; UR 4.
- 69. SC 4.
- 70. Sbr. SC 37-40.
- 71. Rm 16:26.
- 72. Sbr. CT 53.
- 73. Jóhannes Páll II, Vicesimus quintus annus, 16; sbr. SC 21.
- 74. Jóhannes Páll II, Vicesimus quintus annus, 16.